

## Hagnaður Festi hf. 525 milljónir króna á 2. ársfjórðungi 2020

### Helstu niðurstöður

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu í 2F 2020 voru 5.244 m.kr. samanborið við 5.048 m.kr. í 2F 2019, sem samsvarar 3,9% aukningu milli ára.
- EBITDA nam 1.703 m.kr. á 2F 2020 samanborið við 1.892 m.kr. 2F 2019, sem jafngildir 10% lækkun.
- Lakari niðurstöðu má rekja til áhrifa COVID-19 takmarkana.
- Eigið fé í lok 2F 2020 var 29.274 m.kr. og eiginfjárlutfall 35,5% samanborið við 35,3% í lok árs 2019.
- Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskulda var 28.569 m.kr. samanborið við 28.011 m.kr. í lok árs 2019.
- EBITDA spá fyrir árið 2020 er óbreytt og er á bilinu 7.100 – 7.700 m.kr.

Milljónir króna	2F 2020	2F 2019	Breyt.	% Breyt.	6M 2020	6M 2019	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarreikningur</b>								
Vöru- og þjónustusala	20.640	21.391	-751	-3,5%	39.514	39.620	-107	-0,3%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	5.244	5.048	196	3,9%	9.565	9.279	286	3,1%
Aðrar rekstrartekjur	253	639	-387	-60,5%	608	1.011	-403	-39,9%
EBITDA	1.703	1.892	-189	-10,0%	2.724	3.222	-498	-15,5%
EBIT	1.109	1.197	-88	-7,4%	1.507	1.759	-252	-14,3%
EBT	636	661	-25	-3,8%	701	722	-21	-2,9%
Hagnaður tímabilsins	525	550	-24	-4,4%	578	601	-23	-3,8%
<b>Efnahagsreikningur</b>								
					<b>30.6.2020</b>	<b>31.12.2019</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>
Birgðir					7.499	7.678	-179	-2,3%
Viðskiptakröfur					4.067	3.756	310	8,3%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskulda					32.863	33.380	-517	-1,5%
Handbært fé					4.294	5.369	-1.074	-20,0%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskulda					28.569	28.011	558	2,0%
<b>Sjóðstreymi</b>								
	<b>2F 2020</b>	<b>2F 2019</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>	<b>6M 2020</b>	<b>6M 2019</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>
Handbært fé frá rekstri	1.022	1.308	-286	-21,9%	1.915	1.998	-82	-4,1%
Fjárfestingarhreyfingar	-830	1.895	-2.725	-143,8%	-1.437	1.662	-3.098	-186,5%
Fjármögnunarhreyfingar	-944	-2.649	1.705	-64,4%	-1.589	-2.994	1.405	-
Handbært fé í lok tímabils	4.294	4.950	-656	-13,3%	4.294	4.950	-656	-13,3%
<b>Lykiltölur</b>								
EBITDA/framlegð	32,5%	37,5%	-5,0%	-13,4%	28,5%	34,7%	-6,2%	-18,0%
Eiginfjárlutfall					35,5%	35,3%	0,2%	0,6%
Laun/framlegð	51,6%	51,3%	0,4%	0,7%	53,5%	52,6%	0,9%	1,7%
Hagnaður á hlut	1,60	1,66	-0,06	-3,6%	1,76	1,82	-0,06	-3,3%
Fjárfestingar	-525	-363	-163	44,8%	-857	-692	-165	23,8%
Veltuhraði birgða	8,1	8,4	-0,32	-3,8%	8,1	7,9	0,20	2,5%

### Rekstur annars ársfjórðungs

EBITDA félagsins á öðrum ársfjórðungi lækkaði milli ára en er í samræmi við EBITDA spá sem félagið birti í lok apríl sl. EBITDA félagsins var 1.703 m.kr. samanborið við 1.892 m.kr. í 2F 2019 sem samsvarar 10% lækkun milli ára. COVID-19 faraldurinn hafði töluverð efnahagsleg áhrif á ársfjórðunginn, en samsetning rekstrarfélaga Festi dró úr áhrifum COVID-19 takmarkana á rekstur samstæðunnar. Rekstur Krónunnar og ELKO var umfram væntingar en rekstur N1 var undir væntingum vegna áhrifa COVID-19 takmarkana. Í lok ársfjórðungsins var slakað á þessum takmörkunum sem hafði jákvæð áhrif á rekstur N1.

## 6. Ágúst 2020 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2. ársfjórðungi 2020

### Tekjur

- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 20.640 m.kr. í 2F 2020 samanborið við 21.391 m.kr. í 2F 2019, sem samsvarar 3,5% lækkun.
- Fjölbreytt viðskiptalíkan. Aukning í dagvöru-, raftækjasölu og sölu á öðrum vörum en eldsneyti.
- N1 hóf sölu á rafmagn þann 1. júní 2020 í kjölfar kaupanna á Íslenskri orkumiðlun.

Milljónir króna	2F 2020	2F 2019	Breyt.	% Breyt.	6M 2020	6M 2019	Breyt.	% Breyt.
<b>Vöru- og þjónustusala</b>								
Dagvörur	11.770	10.463	1.307	12,5%	22.163	19.802	2.361	11,9%
Eldsneyti og rafmagn	4.150	6.698	-2.548	-38,0%	8.710	11.979	-3.268	-27,3%
Raftæki	2.903	2.525	378	15,0%	5.487	4.817	670	13,9%
Aðrar vörur og þjónusta	1.818	1.705	113	6,6%	3.153	3.023	130	4,3%
<b>Samtals vöru- og þjónustusala</b>	<b>20.640</b>	<b>21.391</b>	<b>-751</b>	<b>-3,5%</b>	<b>39.514</b>	<b>39.620</b>	<b>-107</b>	<b>-0,3%</b>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>	<b>253</b>	<b>639</b>	<b>-387</b>	<b>-60,5%</b>	<b>608</b>	<b>1.011</b>	<b>-403</b>	<b>-39,9%</b>
<b>Tekjur samtals</b>	<b>20.893</b>	<b>22.030</b>	<b>-1.138</b>	<b>-5,2%</b>	<b>40.122</b>	<b>40.632</b>	<b>-510</b>	<b>-1,3%</b>

Tekjur af dagvörusölu hækkuðu um 12,5%, tekjur af raftækjasölu hækkuðu um 15% milli ára, tekjur af öðrum vörum og þjónustu hækkuðu um 7%, en tekjur af sölu eldsneytis lækkaði um 38%. Lægri tekjur af sölu eldsneytis skýrast af lægra eldsneytisverði á heimsmarkaði og færri seldum lítrum. Rekstur N1 sýndi jákvæð batamerki í lok annars ársfjórðungs eftir að COVID-19 takmarkanir voru rýmkaðar.

Milljónir króna	2F 2020	2F 2019	Breyt.	% Breyt.	6M 2020	6M 2019	Breyt.	% Breyt.
<b>Framlegð af vöru- og þjónustusölu</b>								
Dagvörur	2.396	2.305	91	3,9%	4.952	4.482	470	10,5%
Eldsneyti og rafmagn	1.219	1.438	-219	-15,2%	1.898	2.490	-592	-23,8%
Raftæki	836	594	242	40,7%	1.424	1.062	362	34,1%
Aðrar vörur og þjónusta	794	711	82	11,5%	1.291	1.245	47	3,7%
<b>Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu</b>	<b>5.244</b>	<b>5.048</b>	<b>196</b>	<b>3,9%</b>	<b>9.565</b>	<b>9.279</b>	<b>286</b>	<b>3,1%</b>

Framlegð af vöru- og þjónustusölu var 5.244 m.kr. samanborið við 5.048 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2019, sem er 4% hækkun frá 2F 2019. Framlegð af dagvörusölu var 2.396 m.kr. sem er um 4% aukning á milli ára. Framlegð af raftækjasölu var 836 m.kr. sem er 41% aukning og framlegð annarra vara og þjónustu jókst um 11% milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagn var 1,219 m.kr. sem er um 15% lækkun á milli ára.

### Rekstrarkostnaður

- Rekstrarkostnaður í 2F 2020 var 3.793 m.kr. samanborið við 3.795 m.kr. á 2F 2019.
- Aukin kostnaður vegna COVID-19 áhrifa var 162 m.kr. í 2F 2020.

## 6. Ágúst 2020 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2. ársfjórðungi 2020

Milljónir króna	2F 2020	2F 2019	Breyt.	% Breyt.	6M 2020	6M 2019	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarkostnaður</b>								
Laun og annar starfsmannakostnaður	2.708	2.588	120	4,7%	5.113	4.879	234	4,8%
<b>Annar Rekstrarkostnaður</b>								
Rekstartkostnaður fasteigna	327	400	-74	-18,4%	780	801	-21	-2,6%
Víðhaldskostnaður	186	156	29	18,8%	356	314	42	13,3%
Sölu og markaðskostnaður	184	251	-66	-26,4%	372	387	-15	-3,9%
Skrifstofu og stjórnarkostnaður	102	128	-26	-20,2%	273	284	-11	-3,9%
Samskiptakostnaður	157	135	22	16,2%	295	230	65	28,1%
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur	-3	4	-7	-182,3%	37	-18	55	-302,9%
Annar kostnaður	133	134	-1	-1,0%	225	193	32	16,3%
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>1.085</b>	<b>1.207</b>	<b>-122</b>	<b>-10,1%</b>	<b>2.337</b>	<b>2.190</b>	<b>146</b>	<b>6,7%</b>
<b>Samtals Rekstrarkostnaður</b>	<b>3.793</b>	<b>3.795</b>	<b>-2</b>	<b>-0,1%</b>	<b>7.450</b>	<b>7.069</b>	<b>381</b>	<b>5,4%</b>

Laun og annar starfsmannakostnaður í 2F 2020 var 2.708 m.kr. samanborið við 2.588 m.kr. á 2F 2019 sem er 4,7% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda var 1.109 og hefur þeim fækkað um 7% milli ára. Aukinn kostnaður af völdum COVID-19 var 117 m.kr. á fjórðungnum. Sundurliðun á hækkun launakostnaðar má sjá neðangreindri töflu:

<b>Launakostnaður samtals 2F 2019</b>	<b>2.588</b>
Stöðugildi - breyting	-200
Samningsbundnar launahækkunir	109
Orlofsskuldbinding	59
COVID-19 áhrif	117
Annað	35
<b>Launakostnaður samtals 2F 2020</b>	<b>2.708</b>

Annar rekstartkostnaður var 1.085 m.kr. samanborið við 1.207 m.kr. á 2F 2019, sem er lækkun um 10,1% milli ára. Kostnaður vegna COVID-19 áhrifa er innifalinn í þeim kostnaði, en hann samsvarar 45 m.kr.

## Fjármagnsliðir

- Nettó fjármagnskostnaður var 473 m.kr. á 2F 2020 samanborið við 536 m.kr. á 2F 2019.

Milljónir króna	2F 2020	2F 2019	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	68	33	35	105,2%
Fjármagnsgjöld	-602	-653	-51	-7,8%
Áhrif hlutdeildarféлага	62	85	-23	-27,1%
<b>Samtals</b>	<b>-473</b>	<b>-536</b>	<b>63</b>	<b>-11,7%</b>

Nettó fjármagnskostnaður var 473 m.kr. á 2F 2020 samanborið við 536 m.kr. á 2F 2019, sem samsvarar 11,7% lækkun milli ára. Lækkun fjármagnskostnaðar skýrist af lægri vöxtum og gengishagnaði.

## 6. Ágúst 2020 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2. ársfjórðungi 2020

### Efnahagur og fjárhagsleg staða

- Samtals eignir voru 82.440 milljónir króna í lok 6M 2020
- Eignfjárlutfall félagsins var 35,5%
- Handbært fé í lok tímabilsins var 4.294 m.kr.

Milljónir króna	30.6.2020	31.12.2019	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	14.672	14.070	601	4,3%
Aðrar óefnislegar eignir	4.810	4.650	160	3,5%
Rekstrarfjármunir	31.505	31.434	71	0,2%
Leigueignir	4.721	3.862	859	22,2%
Fjárfestingar eignir	7.418	7.354	64	0,9%
Birgðir	7.499	7.678	-179	-2,3%
Viðskiptakröfur	4.067	3.756	310	8,3%
Handbært fé	4.294	5.369	-1.074	-20,0%
Vaxtaberandi skuldir án leigueigna	32.863	33.380	-517	-1,5%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leigueigna	28.569	28.011	558	2,0%
Nettó vaxtaberandi skuldir	33.439	31.975	1.464	4,6%
Eignfjárlutfall	35,5%	35,3%	0,2%	0,6%
Veltuhraði vörubirgða	8,1	8,6	-0,50	-5,8%

Viðskiptavild er 14.672 m.kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.810 m.kr. í lok 2F 2020. Rekstrarfjármunir eru 31.505 m.kr. og fjárfestingar eignir 7.418 m.kr. í lok fjórðungs.

Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskulda voru samtals 28.569 milljónir króna. Eignfjárlutfall félagsins var 35,5% í lok 2F 2020 samanborið við 35,3% í lok árs 2019. Lausafjárstaða félagsins er sterk og efnahagsreikningur félagsins einnig.

### Sjóðstreymi og fjárfestingar

- Handbært fé frá rekstri á 2F 2020 var 1.022 m.kr. samanborið við 1.308 m.kr. á 2F 2019.
- Fjárfestingar félagsins á tímabilinu voru samtals 716 m.kr.
- Fjárfesting í dótturfélagi að teknu tilliti til handbærs fjár dótturfélags var 76 m.kr.
- Afborganir langtímalána til lánastofnanna var 868 m.kr.

Milljónir króna	2F 2020	2F 2019	Breyt.	% Breyt.	6M 2020	6M 2019	Breyt.	% Breyt.
<b>Sjóðstreymi</b>								
<b>Handbært fé í byrjun tímabils</b>	<b>5.023</b>	<b>4.411</b>	612	13,9%	<b>5.369</b>	<b>4.267</b>	1.102	25,8%
Handbært fé frá rekstri	1.022	1.308	-286	-21,9%	1.915	1.998	-82	-4,1%
Fjárfestingarhreyfingar	-830	1.895	-2.725	-143,8%	-1.437	1.662	-3.098	-186,5%
Fjármögnunarhreyfingar	-944	-2.649	1.705	-64,4%	-1.589	-2.994	1.405	-46,9%
Gengismunur af handbæru fé	24	-14	38	-272,3%	36	18	18	97,1%
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-728</b>	<b>540</b>	<b>-1.268</b>	<b>-235,0%</b>	<b>-1.074</b>	<b>683</b>	<b>-1.758</b>	<b>-257,2%</b>
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>4.294</b>	<b>4.950</b>	<b>-656</b>	<b>-13,3%</b>	<b>4.294</b>	<b>4.950</b>	<b>-656</b>	<b>-13,3%</b>

Handbært fé frá rekstri var 1.022 m.kr. Handbært fé lækkaði um 728 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2020 vegna fjárfestinga og afborgana af lánum.

## 6. Ágúst 2020 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2. ársfjórðungi 2020

### Horfur í rekstri Festi hf. og EBITDA spá 2020

---

EBITDA spá Festi fyrir árið 2020 er óbreytt og er áætluð á bilinu 7,100 – 7,700 m.kr., að undanskildum kostnaði við sátt sem Festi hf. gerði við Samkeppniseftirlitið þann 30. júlí 2018.

Eftirfarandi þættir geta haft áhrif á rekstur félagsins

- Óvissa vegna áhrifa COVID-19 og yfirstandandi samkomubanns.
- Órói á heimsmarkaðsverði eldsneytis og gengi ISK.
- Aukið atvinnuleysi og lægri hagvöxtur.
- Íslenska hagkerfið mun verða fyrir áhrifum næstkomandi mánuði/ár.

Félagið er með 35,5% eiginfjárlutfall og sterka fjárhagsstöðu. Horfur í rekstri eru góðar og félagið er í vel stakk búið til að takast á við verkefni framundan.

### Hluthafar

---

- Markaðsvirði félagsins í lok 2F 2020 nam 43,4 milljörðum króna.
- Nafnvirði hlutafjár í Festi hf. hækkaði þann 1. júní 2020 vegna kaupa á Íslensk orkumiðlun ehf.
- Heildarvirði Íslenskrar orkumiðlunar ehf. var 850 m.kr. að meðtöldu handbæru fé félagsins sem var 230 m.kr. þann 1. júní 2020. Áætlaður hagnaður 2020 er 120 m.kr. og því er V/H hlutfall 5,2 í þessum viðskiptum.
- Stjórn Festi hf. hefur ákveðið að arðgreiðsla vegna ársins 2019 fari fram þann 2. september 2020.
- Hluthafar félagsins voru 1.005 í lok 2F 2020 en 949 í lok Q1 2020.

### Kynningarfundur föstudaginn 7. ágúst 2020

---

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 7. ágúst 2020 í höfuðstöðvum Festi að Dalvegi 10-14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Þór Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum.

Fundurinn hefst kl. 08:30 og boðið verður uppá léttan morgunverð frá kl. 08:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <http://festi.is/fjarfestar/fjarhagsupplýsingar/> og í fréttaveitu Nasdaq OMX Iceland hf.

### Fjárhagsdagatal

- Uppgjör 3F 2020: 4. nóvember 2020
- Ársuppgjör 2020: 25. febrúar 2021
- Aðalfundur 2021: 22. mars 2021

Nánari upplýsingar veita Eggert Þór Kristófersson forstjóri (eggert@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (mki@festi.is).